

Nr. 21-127 S 083 Jón Ásbjörnsson RE 777***Bilað stýri og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2755
Smíðaður: Samtak, 2008, trefjaplast.
Útgerð: Fiskkaup hf
Stærð: 18,47 BT.
Mesta lengd: 11,94 m Skráð lengd: 11,94 m
Breidd: 4,18 m Dýpt: 1,72 m
Vél: Caterpillar, 357 kW, 2009.
Fjöldi skipverja: 4



Jón Ábjörnsson©Arnbjörn Eiríksson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla 4.apríl afgreidd 2022 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 27. desember 2021 var línubáturinn Jón Ásbjörnsson RE á veiðum 20 sml V af Sandgerði. Veður: N 12-14 m/s.

Á veiðum bilaði vökvadælan fyrir vökvakerfið og báturinn varð stjórnlaus. Óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein fór á staðinn og dró bátinn til hafnar í Sandgerði.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Vökvadælan var véldrifin af aðalvél bátsins.
- Skoðun leiddi í ljós að bilunin reyndist vera í tengi dælnnar. Mikið slit var komið í rillurnar á tenginu sem fóru upp á dæluöxulinn sem varð til þess að dælan hætti að snúast.
- Stýrisvélín, línuspilið, beitningarvélín, uppstokkarinn og hliðarskrúfa voru tengd inn á vökvakerfi bátsins.
- Neyðarstýri var með þeim hætti að nota átti flapsa til að stýra bátnum. Skipstjóri sagði að þeir væru einungis nothæfir á sléttum sjó.

Nefndarálit:

Bilun í tengi vökvadælu orsakaði það að báturinn varð stjórnlaus.

Sérstakar ábendingar:

Nefndin beinir því til stjórnenda skipa að kynna sér til hlítar notkun og möguleika til neyðarstjórnunar.

Tillaga í öryggisátt:

Rannsóknarnefnd samgönguslysa gerir tillögu í öryggisátt til Samgöngustofu um að fallið verði frá undanþágum skv. verklagsreglum um að sleppa megi neyðarstýri á bátum sem eru með flapsa.

Sjá einnig rannsóknaskýrslur RNSA nr:

18-179 S 122 Von GK 113

<https://www.rnsa.is/media/4537/18-179-s-122-von-gk-113.pdf>

19-018 S 014 Elli P SU 206

<https://www.rnsa.is/media/4575/19-018-s-014-elli-p-su-206.pdf>